

Alþingi
Erindi nr. P 130/87
komudagur 6.11.2003

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og
viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 4. nóvember 2003

2003100592

Með bréfi dagsettu 29. október sl. var embættinu sent til umsagnar tillaga til þingsályktunar um skattafslátt vegna barna, 23. mál. Í þingsályktunartillögunni er lagt til að tekin verður upp sérstakur skattafsláttur vegna barna. Gert er ráð fyrir að afslátturinn verði greiddur foreldrum af því leyti sem hann nýtist ekki á móti álögðum tekjuskatti. Af lýsingu á tillögunni að dæma er hér því ekki í reynd um nýjan skattafslátt að ræða heldur ótekjutengdar barnabætur. Ótekjutengdar barnabætur eru þegar til staðar í skattkerfmu. Sé talið tilefni til að auka vægi þeirra eða breyta umfangi þeirra er eðlilegra og einfaldara að gera það með breytingum á þeim en ekki með því að bæta við hliðstæðu fyrirbæri undir öðru nafni.

Virðingarfyllst



Indriði H. Þorláksson
ríkisskattstjóri